

*Handbók um gæða- og tækniröfur
sbr. 12. gr. laga nr. 73/2001*

Formáli

Almennt

Handbókin er gefin út af Vegagerðinni, til notkunar á faggiltum skoðunarstofum sem hafa starfsleyfi dómsmálaráðuneytisins til skoðunar á ökutækjum.

Handbók þessi er notuð við skoðun á hóp bifreiðum vegna umsóknar á rekstrarleyfi til flutninga á fólki, eða viðhalds á því, og nær yfir gæða- og tækniröfur sem gerðar eru til viðkomandi ökutækja, sbr. 12. gr. laga nr. 73/2001. Handbókin tekur til skoðunar á hóp bílum sem eingöngu eru til farþegaflutninga í sætum, hóp bílum með stæðum til notkunar í þéttbýli og sérbúnum bifreiðum til farþegaflutninga í atvinnuskyni og er þeim skipt í fjóra flokka:

Flokkur I: Hóp bifreið að leyfðri heildarþyngd 5000 kg eða minna, og allar hóp bifreiðir fyrir 16 farþega eða færri óháð þyngd.

Flokkur II: Hóp bifreið að leyfðri heildarþyngd yfir 5000 kg (sjá þó flokk I).

Flokkur III: Hóp bifreið I A og II A með sætum og stæði fyrir farþega, til notkunar í þéttbýli.

Flokkur IV: Sérútbúnað bifreiðar til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

Dæmingar

Taldar eru upp þær kröfur sem gerðar eru til hóp bifreiða. Sett eru fram skilyrði og aðferðir til að kanna hvort þau eru uppfyllt. Atriðum er svo skipt upp með tilliti til ástands í tvo flokka, 1 og 2, sem kallast dæmingar.

Við skoðun á aukabúnaði skal sá búnaður, sem í bílnum er, skráður á skoðunarvottorð.

Niðurstöður skoðunar

Ef ekki hefur verið sett út á neitt atriði verður niðurstaðan **Án athugasemda**. Ef dæmt hefur verið á atriði sem hljóta dæminguna 1 verður niðurstaðan **Lagfæring tafarlaust** en án endurkomu. Ef dæmt hefur verið á atriði sem hljóta dæminguna 2 verður niðurstaðan **Lagfæring tafarlaust með endurkomu**. Ef bifreið hefur ekki hlotið dæminguna 2 mun ástand ökutækisins ekki koma í veg fyrir veitingu hópferða- eða sérleyfis.

Meðferð skoðunarvottorðs

Nota skal skoðunarvottorð sem Vegagerðin býr til og dreifir til skoðunarstofanna.

Reitir efst á vottorði skulu fylltir út, þ.e. upplýsingar um ökutækið, skoðunaraðila og dagsetningu. Dæmt skal eftir því sem við á og merkt í viðkomandi reiti. Við skoðun á aukabúnaði er merkt í reiti fyrir framan viðkomandi aukabúnað ef hann er í bifreiðinni. Að lokum er merkt við rétta niðurstöðu ofarlega á vottorðinu, auk þess sem skoðunarmaður og umráðamaður skrifa undir vottorðið.

Umráðamaður fær frumrit skoðunarvottorðsins, 1. afrit er sent til Vegagerðarinnar (Vegagerðin, vt. Leyfisveitingar, Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík) og skoðunarstofan heldur eftir 2. afriti.

Meðferð skoðunarmiða

Vegagerðin býr til sérstaka skoðunarmiða vegna leyfisskoðana og dreifir þeim til skoðunarstofanna. Á þeim koma fram síðustu tveir stafir í því ári sem færa ber ökutækið til næstu leyfisskoðunar.

Hafi niðurstaða skoðunar verið önnur en **Lagfæring tafarlaust með endurkomu** er límdur skoðunarmiði næsta árs í neðra hægra horn framrúðu (og eldri miði fjarlægður sé hann til staðar). Miðanum skal komið fyrir undir hópferða-/sérleyfismiðanum (sé hann til staðar).

Skoðunarregla

Hópbifreiðir með hópferða- eða sérleyfi og sérútbúnaðar bifreiðar sem notaðar eru til farþegaflutninga skv. 10. gr. laga nr. 73/2001 skulu skoðaðir árlega og eigi síðar en við skyldubundna aðalskoðun.

Skráning leyfisskoðana í ökutækjaskrá

Leyfisskoðanir sem fá niðurstöðuna **Án athugasemda** eða **Lagfæring tafarlaust** eru skráðar í ökutækjaskrá í athugasemdasvæði á skráningarskírteini með svohljóðandi texta "Næsta hópferðaskoðun dd.mm.aa", þar sem dagsetningin er skoðunardagurinn að viðbættu ári. Nýtt skráningarskírteini er ekki gefið út vegna þessarar skráningar.

Skoðunarstofur tilkynna Skráningarstofunni hf. um slíkar skoðanir með því að senda afrit sitt á faksi í númer 580 2001.

Skilgreining dæminga

Almenn atriði

A01 Skyldubundin aðalskoðun

Skilyrði: Skoðun í gildi

Aðferð: Skoðunarmiði og síðasti stafur skráningarnúmers (eða fastnúmers ef ökutækið er með einkanúmer) ákvarða hvort aðalskoðun er í gildi. Tölustafurinn, að viðbættum tölunni 2, segir til um síðasta skoðunarmánuð.

Dæming: 2 - Reglubundin skylduskoðun ekki í gildi.

Hreyfill

A10 Hlutfall milli þyngdar og vélarafsts

Skilyrði: Lágmark 10.

Aðferð: Vélarafll uppgæfið af framleiðanda í kW deilt með leyfilegri heildarþyngd í tonnum (eða gjaldþyngd ef hún er lægri). Vélarafllið sést í skráningarskírteininu í hestöflum ($kW = 0,7457 \times \text{hestöfl}$). Leyfilega heildarþyngdin sést í skráningarskírteininu en gjaldþyngdin í álestrarskrá (eða á akstursbók).

Dæming: 2 - Hlutfall milli þyngdar og hreyfils undir 10.

Ytra útlit

Y02 Þekjandi hlutir - útlit

Skilyrði: Lakkhúð skal vera heil og án ryðskemmda. Þó má hún vera lítillaga skemmd, s.s. steinkast, smá rispur eða smávægilegt ryð. Yfirbygging skal vera hrein.

Aðferð: Ryðskemmdir: Samanlögð stærð ryðflata á öllum bílnum má ekki vera meiri en 1 dm². Steinkast, smá rispur: Skemmdir á lakkhúð sem eru 20-50 mm á lengd. Hreinindi: Varanlegir fitu- og oliublettir eru ekki leyfðir.

Dæming: 1 - Útlit ófullnægjandi á einum stað.

2 - Útlit ófullnægjandi á tveimur eða fleiri stöðum.

Y08 Felgur - útlit

Skilyrði: Lakkhúð skal vera heil og án tæringar- eða ryðskemmda, smá rispur eru þó leyfðar. Þær skulu vera hreinar. Á ekki við ef hjólkoppar hylja felguna.

Aðferð: Ryðskemmdir: Nær samfelldar ryðrendur meðfram brúnum og röndum eru ekki leyfðar. Smá rispur: Skemmdir á lakkhúð sem eru 20-50 mm á lengd. Hreinindi: Varanlegir fitu- og oliublettir eru ekki leyfðir.

Dæming: 1 - Útlit ófullnægjandi á einni felgu.

2 - Útlit ófullnægjandi á tveimur eða fleiri felgum.

Y11 Hjólkoppur

Skilyrði: Hjólkoppur, ef þeir eru, skulu vera á báðum hjólum ássins. Ef hjólkoppur er á hjóli afturásasamstæðu skulu þeir vera á öllum hjólum samstæðunnar. Þeir eiga allir að vera eins.

Aðferð: ---

Dæming: 1 - Ósamstæðir.
2 - Vantar (ef einhverjir eru).

Y12 Hjólkoppur - útlit

Skilyrði: Lakkhúð skal vera heil og án ryðskemmda, má þó vera smávægilega rispuð. Beyglur skulu vera í lágmarki. Þeir skulu vera hreinir.

Aðferð: Ryðskemmdir: Samanlögð stærð ryðflata á sérhverjum hjólkoppi má ekki vera meiri en 0,2 dm². Rispur: Skemmdir á lakkhúð sem eru 20-50 mm á lengd. Beyglur: Á sérhverjum koppi mega að hámarki 3 beyglur sem eru mest 30 mm í þvermál hver. Hreinindi: Varanlegir fitu- og olíublettir eru ekki leyfðir.

Dæming: 1 - Útlit ófullnægjandi.

Y15 Framrúða

Skilyrði: Óskemmd í sjónsviði ökumanns. Smávægilegar rispur, sprungur eða steinbrot eru leyfð utan sjónsviðs ökumanns.

Aðferð: Skemmdir vegna höggs, sprungur eða rispur eru ekki leyfðar í sjónsviði ökumanns, þ.e. 800±100 mm hæð frá setu ökumanns og 200±50 mm til hvorrar handar frá miðlínu ökumannssætis. Utan þess mega vera mest 2 sprungur eða rispur, hvor eigi lengri en 100 mm, og mest 3 steinbrot, hvert eigi stærra að þvermáli en 50 mm.

Dæming: 1 - Tvær eða færri sprungur/rispur, og/eða þrjú eða færri steinbrot, utan sjónsviðs ökumanns (og engar skemmdir innan sjónsviðsins).
2 - Skemmdir innan sjónsviðs ökumanns, og/eða fleiri en tvær sprungur/rispur og/eða fleiri en þrjú steinbrot utan sjónsviðsins.

Y16 Hliðarrúður

Skilyrði: Óskemmdar með öllu. Í hópílum í flokki II skal vera tvöfalt gler í hliðarrúðum sem snúa að farþegum. Sami litur skal vera á öllum hliðarrúðum.

Aðferð: Skemmdir vegna höggs, sprungur eða rispur eru ekki leyfðar. Móða milli glerja er ekki leyfð. Lituð plastfilma er í lagi ef hún er órifin, glampalaus og í góðu standi að öðru leyti.

Dæming: 1 - Skemmd eða mislitun á einum stað.
2 - Skemmd eða mislitun á fleiri stöðum.

*F a r m r ý m i***G05 Farmgeymsla - útfærsla**

Skilyrði: Máluð eða klædd. Ekki mega vera hvöss horn, kantar eða brúnir sem skemma farangur.

Aðferð: ---

Dæming: 1 - Klæðningu/málningu vantar/ófullnægjandi.

G06 Farmgeymsla - hreinlæti

Skilyrði: Hrein.

Aðferð: Ryk og skítur, taumar o.þ.h. eiga ekki að sjást.

Dæming: 1 - Hreinlæti ábótavant á einum stað.
2 - Hreinlæti ábótavant á tveimur eða fleiri stöðum.

G07 Farmgeymsla - þéttleiki

Skilyrði: Ryk og vatnsþétt.

Aðferð: Föls og samskeyti kringum hurðir og lúgur o.þ.h. skoðað m.t.t. ryktauma og óhreininda að innan. Athuga hvort sést inn með þéttingum. Skoðað hvernig hurð/hleri pressar í þéttikanta. Ástand þéttikanta athugað, t.d. rifur o.þ.h.

Dæming: 1 - Þéttleiki ónógur á einum stað.
2 - Þéttleiki ónógur á tveimur eða fleiri stöðum.

*Innrétting***102 Sæti - gerð**

Skilyrði: Seta og bak verða að vera heilklædd og bólstruð með a.m.k. 40 mm þykkum svampi (eða efni með svipaða eiginleika). Séu sætin formuð, má þykkt minnst vera 2 mm.

Aðferð: Þykkt er mæld hvar sem er á setu eða baki með nálmæli.

Dæming: 1 - Gerð ófullnægjandi á einu sæti.
2 - Gerð ófullnægjandi á tveimur eða fleiri.

103 Sæti - útlit

Skilyrði: Má ekki vera snjád, mislitt vegna upplitarar, trosnað eða rifid.

Aðferð: Snjád: Hár slitin ofan í flata efnið - í lagi að hár leggist útaf. Rifid: Allar skemmdir sem rífa efnið, s.s. sigarettugöt, eru ekki leyfðar.

Dæming: 1 - Útlit ófullnægjandi á einu sæti.
2 - Útlit ófullnægjandi á tveimur eða fleiri.

104 Sæti - stillingar

Skilyrði: Stillingar á sætum, ef eru, skulu vera í lagi. Bæði átt við hliðarfærslu og bakhalla.

Aðferð: Skrólt: Tekið efst í bakið og það hrist fram og aftur meðan sætið er í uppréttri stöðu.

Dæming: 1 - Stillingar ófullnægjandi á einu sæti.
2 - Stillingar ófullnægjandi á tveimur eða fleiri.

108 Öskubakkar

Skilyrði: Ef eru, þá skulu þeir vera við annað hvort sæti, þó þannig að ekki sé meiri en 600 mm frá sætisbrún þess sætis sem ætlast er til að noti öskubakkann. Þeir eiga að vera hreinir.

Aðferð: Mælt með málbandi í láréttu plani öskubakkans.

Dæming: 1 - Vantar, eða staðsetning ófullnægjandi

110 Gólfefni

Skilyrði: Teppi mega ekki vera snjád, trosnuð eða rifin. Dúkur verður að vera sléttur og vel límdur, án áferða-skemmda. Má vera lítillaga rispaður. Lausir dreglar skulu vera vel sniðnir, stamir á gólfi og endar mega ekki flettast upp.

Aðferð: Snjád: Hár slitin ofan í flata efnið - í lagi að hár leggist útaf. Rifid: Allar skemmdir sem rífa efnið, s.s. sigarettugöt, eru ekki leyfðar.

Dæming: 1 - Óhrein eða skemmd á einum stað.
2 - Óhrein eða skemmd á tveimur eða fleiri stöðum.

111 Hliðar- og loftklæðning

Skilyrði: Má ekki vera snjád, trosnuð eða rifin.

Aðferð: Snjád: Hár slitin ofan í flata efnið - í lagi að hár leggist útaf. Rifid: Allar skemmdir sem rífa efnið, s.s. sigarettugöt, eru ekki leyfðar.

Dæming: 1 - Óhrein eða skemmd á einum stað.
2 - Óhrein eða skemmd á tveimur eða fleiri stöðum.

118 Innljós - almenn lýsing

Skilyrði: Gangur sé vel upp lýstur.

Aðferð: Virkni ljósa könnuð. Öll ljósker skulu lýsa. Lýsing skal vera samfelld þannig að hún sé sem næst jafnmikil á öllum ganginum. Hún má vera á formi gólfjósanna sem lýsa nær samfelld upp gönguflötinn.

Dæming: 1 - Ljósker lýsa ekki eða illa.
2 - Ljósker vantar.

119 Innljós - inn/útgönguljós

Skilyrði: Tröppur sem eru inni í bílnum séu vel upp lýstar þegar dyr eru opnar. Á við hópbiða í flokki II.

Aðferð: Virkni ljósa könnuð. Öll ljósker skulu lýsa. Öll þrep skulu upplýst með jafnmiklu ljósi.

Dæming: 1 - Ljósker lýsa ekki eða illa.
2 - Ljósker vantar.

122 Hljóðnemi

Skilyrði: Hljóðnemi fyrir fararstjóra (gildir ekki fyrir bíla fyrir 14 farþega eða færri). Snúra skal vera a.m.k. 2 m, og skal ná auðveldlega að sæti leiðsögumanns (ef það er í bílnum).

Aðferð: Virkni skal prófuð með því að tala í hljóðnemann. Talað mál verður að skiljast auðveldlega hvar sem er í bílnum.

Dæming: 2 - Virkni/staðsetning ófullnægjandi eða vantar.

130 Útvarp

- Skilyrði: Skal heyrast í hátalarkerfi fyrir farþega (gildir ekki fyrir bíla með 14 farþega eða færri).
 Aðferð: Kveikt á útvarpi. Það verður að vera hægt að ná a.m.k. einni útvarpsstöð.
 Dæming: 1 - Virkar illa.
 2 - Vantar eða virkar ekki.

131 Hátalarkerfi

- Skilyrði: A.m.k. einn hátalari við aðra hverja sætaröð beggja vegna í farþegarými (gildir ekki fyrir bíla með 14 farþega eða færri).
 Aðferð: Hljóðnemi eða útvarp virkjað og sérhver hátalari athugaður.
 Dæming: 2 - Virkni ófullnægjandi eða hátalara vantar.

135 Hávaði í farþegarými

- Skilyrði: Hljóðstyrkur í farþegarými við efri brún farþegasæta má ekki fara yfir 77 dB(A).
 Aðferð: Bílnum skal ekið á 60 km hraða, hreyfill skal snúast á 3/4 af hámarks snúningshraða og miðstöð og loftræsting á fullum gangi. Mælingar skulu gerðar á gangi við efri brún sæta sem næst hreyfli, framás, afturás og girkössum. Skoðunarmaður skal sitja í farþegasæti þegar mæling er gerð (til að hljóð geti hindrunarlaust borist eftir gangi).
 Dæming: 1 - Hávaði í farþegarými fyrir ofan mörk.

141 Farþegarými - þéttleiki

- Skilyrði: Ryk- og vatnsþétt.
 Aðferð: Föls og samskeyti kringum hurðir, opnanleg fög, topplúgur o.þ.h. skoðað m.t.t. ryktauma og óhreininda. Athuga hvort sést út með þéttingum.
 Dæming: 1 - Þéttleiki ónógur á einum stað.
 2 - Þéttleiki ónógur á tveimur eða fleiri stöðum.

142 Farþegarými - hreinlæti

- Skilyrði: Hreint.
 Aðferð: Bankað í stóla, teppi og athugað hvort ryk gýs upp. Dúkur og klæðningar (yfir vélarhúsi, mælaborð, o.fl.) skal vera án bletta og óhreininda í hornum og fölsum. Gler og plasthlutir skulu vera hreinir og glansandi.
 Dæming: 1 - Hreinlæti ábótavant á einum stað.
 2 - Hreinlæti ábótavant á tveimur eða fleiri stöðum.

151 Loftræsing

- Skilyrði: Opnanlegar einingar (gluggar, lúgur, o.þ.h.) og/eða víftur sem blása út og inn. Lágmarksstærð opa (ef eingöngu er um frjálstan loftflutning er að ræða) er 2% af gólfplatarmáli fólksrýmis.
 Aðferð: Stærð opa mæld með málbandi.
 Dæming: 2 - Loftræsting ófullnægjandi.

152 Upphitun

- Skilyrði: Hámarkshiti á snertiflötum 80°C. Verður að geta haldið bíl að lágmarki 15°C í 20°C frosti.
 Aðferð: Snertiflötur: Þar sem hægt er að koma hendi, fingri eða fæti að. Hitagjöf: A.m.k. einn hitagjafi við gólf (blástur, ofn, o.þ.h.) fyrir hverjar þrjár sætaraðir. Hámarkshiti: Kveikt á upphitunarbúnaði og hann látinn ná hæsta hita. Ekki er þörf að prófa vatnshitabúnað (vatnsofna) nema tilefni sé til.
 Dæming: 2 - Upphitun ófullnægjandi.

153 Undantekning.

Heimilt er að gera undantekningu á kröfum um útlit farþegarýmis þegar um sérstaka flutninga á farþegum í óþrifalegum eða blautum fatnaði er að ræða, td. við flutning á þátttakendum í fljótasiglingum enda notist bifreiðin ekki til annarra fólksflutninga. Þegar um slíkar undantekningar er að ræða skal skrá þær neðst á skoðunarvottorð sem athugasemd.

Hópbifreið I A og II A, hópbifreið ætluð til að flytja fólk í sætum og stæðum.

Handslár og handföng:

Handslár og handföng og stæði fyrir farþega skulu vera í samræmi við reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 308/2003.

Hópbifreið í flokki I, II og III, hópbifreið ætluð til að flytja fólk í hjólastólum.

Hjólastólarými og festingar:

Svæði og festingar fyrir farþega í hjólastólum, skulu vera í samræmi við reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 308/2003.

Skólabílar

S01 Sími í bifreiðum sem flytja skólabörn

Skilyrði: Í bifreiðum sem aka skólabörnum skal vera viðurkenndur fjarskiptabúnaður (sími, talstöð).

Dæming: 2 - Fjarskipti ófullnægjandi.

S02 Bílbelti í bifreiðum sem flytja skólabörn

Skilyrði: Í bifreiðum sem flytja skólabörn skulu vera bílbelti fyrir alla farþega og þeir búnir upphækkunum fyrir yngstu farþegana þegar við á.

Dæming: 2 - Sæti ófullnægjandi.

S03 Sætisbók í bifreiðum sem flytja skólabörn

Skilyrði: Í bifreiðum sem flytja skólabörn mega ekki vera öskubakkar eða annað á sætisbökum sem börnum gæti stafað hættu af við árekstur.

Dæming: 2 - Sætisbók ófullnægjandi.

Aukabúnaður

Ef einhver eftirfarandi aukabúnaður er í bílnum, þá skal hann vera í lagi.

E01 Kælikápur

Skilyrði: Verður að kæla niður í hita á bilinu 2°C til 8°C.

Aðferð: Mælt með hitamæli.

E02 Ketill

Skilyrði: Hæfileg aðstaða og búnaður til að hita vatn fyrir heita drykki eða súpur, eða til að hita t.d. pylsur. Vatnshitabúnaðurinn verður að geta hitað vatn án kaffibragðs þannig að almenn kaffivél uppfyllir ekki kröfurnar.

E03 Kaffivél

Skilyrði: Vél sérstaklega til þess ætluð að hita ýmis afbrigði af kaffi.

E10 Fatahengi

Skilyrði: Möguleiki á að hengja fót á minnst 1 m langa slá, eða að leggja þau í lokað rými yfir sætum.

Aðferð: Mæla lengd slárinnar.

E11 Salerni / Handþvottabúnaður

Skilyrði: Klósett með vatnsskál eða öðrum hreinsibúnaði, ásamt handlaug með rennandi vatni eða sambærilegum handþvottabúnaði (t.d. vatnspurrkum).

Aðferð: ---

E21 Lesljós

Skilyrði: Öll í lagi.

Aðferð: Kveikt á ljósum og virkni athuguð.

E22 Sætisarmar

Skilyrði: Stillingar á örmum skulu vera í lagi.

Aðferð: Armar færðir og þeim læst.

E25 Loftkæling

Skilyrði: Lágmarksafköst eru 300 kcal/klst á farþega.

Aðferð: Afköst uppgefin af framleiðanda skulu notuð og deilt með fjölda farþegasæta.

E50 Klukka

Skilyrði: Klukka sem farþegar sjá skal virka og sýna réttan tíma (± 10 mínútur).

Aðferð: Réttur tími fæst með símaklukkunni. Virkni könnuð með samanburði á tímanum við upphaf og lok skoðunar.

E51 Sími

Skilyrði: Engin.

Aðferð: Hringt í klukkuna (155).

E52 Myndbandstæki

Skilyrði: Fyrir a.m.k. VHS spólur.

Aðferð: Einhver myndsnælda spiluð í tækinu um stund.

E53 Sjónvarp

Skilyrði: Allir farþegar verða að geta séð á skjáinn. Engar kröfur eru um skjástærð.

Aðferð: Kveikt á sjónvarpi.

E54 Segulbandstæki

Skilyrði: Fyrir venjulegar snældur.

Aðferð: Einhver snælda spiluð í tækinu um stund.

E55 Geislaspilari

Skilyrði: Fyrir a.m.k. venjulega hljóðdiska (120 mm í þvermál).

Aðferð: Einhver geisladiskur spilaður í tækinu um stund.

Samþykkt af samgönguráðherra
17. nóvember 2003.